

Fundur stjórnar og varastjórnar í fundarsal félagsins á 3. hæð, þriðjudaginn 8. janúar 2019.

DAGSKRÁ.

1. Kjaramál.
Eiður Stefánsson, formaður félagsins fór yfir stöðuna í kjaraviðræðunum og sköpuðust miklar og líflugar umræður um yfirstandandi kjaraviðræður.
2. Undirbúningur fyrir fjárhagsáætlun.
Fjárhagsáætlun verður tekin til skoðunar og afgreiðslu síðar.
3. Tillaga um kosningu löggilts endurskoðanda fyrir komandi aðalfund
Samþykkt að tilnefna Enor sem löggiltan endurskoðanda.
4. Tilboð í útgáfu Fréttablaðs og skýrslu stjórnar.
Samþykkt kostnaðaráætlun upp á c.a. 1.200.000 kr. Skrifstofunni var falið að finna ritstjóra sem stýrir útgáfunni.
5. Leiga á íbúð að Laufásvegi, Stykkishólmi
Formanni var falið að fá meiri upplýsingar frá eiganda, m.a. að kanna verð, þjónustu og framboð.
6. Fjárfestingarstefna FVSA 2019
Formaður fór yfir stöðuna á fjárfestingum félagsins.
Samþykkt að hafa fjárfestingastefnuna óbreytta frá fyrra ári.
7. Framlag í vinnudeilusjóð 2019
Samþykkt að framlagið verði 3.500.000 kr.
8. Laun stjórnar, stjórnar sjúkrasjóðs og trúnaðarráðs.
Samþykkt að hafa óbreytt stjórnarlaun.
9. Önnur mál
Starfsdagur trúnaðarmanna verður haldin 17. janúar 2019, farið yfir dagskrá fundarins.
Jón Rögnvaldsson fór yfir mögulegar mannráðningar hjá Orlofsbyggðinni á Illugastöðum.